



## Helstu áherslur í einstaklingsnámskrá nemenda með röskun á einhverfurófi

### Félagsfærni / vandi í félagslegum samskiptum

- nýta viðurkenndar aðferðir til að kenna félagsfærni
- auka skilning á félagslegum teiknum og tilfinningum
- kenna viðeigandi félagslega hegðun og frumkvæði
- kenna félagslegar hefðir, reglur og venjur
- kenna og útskýra hvernig leysa á vanda í félagslegum samskiptum

### Sjálfstjórn og tilfinningaviðbrögð

- auka vitund um líðan og tilfinningar
- kenna viðeigandi leiðir til að höndla kvíða og erfiðar aðstæður
- aðlaga viðfangsefni og aðstæður til að draga úr streitu.

### Boðskipti og málleg færni

- nýta óhefðbundnar tjáskiptaleiðir eins og við á
- auka notkun flókinna talaðra/skrifaðra tjáskipta smám saman
- auka tjáningu og færni til að vera sinn eigin talsmaður (e. self-advocacy)
- auka skilning á félagslegu „máli“ (óyrtaar vísbendingar, raddblær og hljómfall, raddhæð)
- auka færni í samræðum og hagnýtri notkun máls (hefja, viðhalda og hætta samræðum, bregðast við vísbendingum, myndmál og tákni)

### Skipulagsfærni

- nýta sjónrænar vísbendingar og skriflegar uppskriftir, verklýsingar, minnislista og litakóða
- þjálfa sjálfstæð vinnubrögð
- auka færni við að halda utan um efni, áhöld og námsgögn (einnig að leiðrétta sjálfan sig)
- kenna hvenær og hvernig á að biðja um aðstoð
- kenna hagnýta notkun tölvu og tæknibúnaðar, þ.m.t. fingrasetningu á lyklaborð, skjalastjórnun
- kenna notkun stuðningstækja í daglegu lífi til að bæta færni við að skipuleggja athafnir og samskipti

### Hegðun og vandi í skynúrvinnslu

- gera ráðstafanir og mæta þörfum vegna hegðunar, líðanar og vanda í skynjun
- auka sveigjanleika og færni til að takast á við umbreytingar